

Ársskýrsla 2019

Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar 2019

Ríkisendurskoðandi starfar á vegum Alþingis

Umsjón efnis: Guðmundur Björgvin Helgason

Hönnun og umbrot: Jóhannes Jónsson

Ljósmyndir: Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson

Aðfaraorð	4
Staða og hlutverk Ríkisendurskoðunar	6
Endurskoðun og eftirlit	8
Endurskoðun ríkisreiknings.....	8
Framkvæmd fjárlaga	10
Eftirlit með fjármálum tengdum stjórnmalastarfsemi	12
Ársreikningar kirkjugarða	12
Sjóðir og sjálfseignarstofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá	12
Fjárhagsendurskoðun	14
Stjórnsýsluendurskoðun	15
Skýrslur til Alþingis	15
Eftirfylgni stjórnsýsluúttekta	24
Embættið	26
Mannauður	26
Verkferlar	27
Öryggismál	27
Stefnumótun og starfsmannafundir	30
Húsnæðismál	32
Alþjóðasamstarf	34
Próunar- og tæknimál	35
Stofnun ársins 2019	36
Fjölmiðlaumfjöllun á árinu 2019	38
Eftirlit með starfsemi og árangri ríkisaðila	40
Áskoranir í fjárhagsendurskoðun	42
Ársreikningur 2019	44

Aðfaraorð

Árið 2019 var annasamt ár í starfsemi Ríkisendurskoðunar. Á árinu var lokið við ýmsar úttektir bæði um stjórnslu og fjárhagsmálefni ríkisaðila. Ríkisreikningur vegna ársins 2018 var í fyrsta skipti gefinn út á réttum tíma eftir að lög nr. 123/2015 tóku gildi, og án þess að teljandi athugasemdir væru gerðar við reikninginn af hálfu Ríkisendurskoðunar, aðrar en ábendingar um innleiðingu á viðeigandi stöðlum. Áhersla er lögð á það af hálfu starfsfólks embættisins að frá þessu öllu sé gengið á þann hátt að upplýsandi sé fyrir viðskiptamenn embættisins og að starfslið Ríkisendurskoðunar geti gengið sátt frá verki.

Þá var árið 2019 annað árið í nýrri stefnumótun Ríkisendurskoðunar sem hafin var síðla ársins 2018. Um er að ræða verkefni sem felst í að laga vinnustaðinn að þörfum samfélagsins, nota nútíma tækni og verklag við úrlausn verkefna og stuðla að auknu jafnvægi á milli einkalífs og starfa. Eru verkefni embættisins og forgangsroðun þeirra endurmetin eftir því sem aðstæður hverju sinni krefjast. Þáttur í því er m.a. að ganga þannig frá afurðum embættisins, skýrslum og öðrum gögnum, að þau séu upplýsandi og Alþingi geti tekið ákvarðanir um framhaldið eftir athuganir og viðræður við hlutaðeigandi ríkisaðila.

Megininntak stefnumótunar Ríkisendurskoðunar er þannig að horfa til ákvæða laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga þar sem kveðið er á um eftirlit embættisins með rekstri og fjármálum ríkisins og nýta til þess viðeigandi verklag í daglegum starfsháttum. Af þeim eru einstakar úttektir um fjárhagsmálefni eða stjórnslu tiltekinna ríkisaðila eða fjárhagsliða ríkisins, hvað mikilvægastar. Slíkar úttektir horfa til frammistöðu í tilteknum málaflokkum eða hjá einstökum embættum. Úttektir Ríkisendurskoðunar og önnur vinnubrögð eru því í þróun sem mun í auknum mæli taka tillit til þeirra krafna sem nú eru uppi í samfélaginu um skjótvirka afstöðu. Í því samhengi er einnig verið að móta aukið samtímaeftirlit með stjórnslu stofnana, árangri þeirra og hvernig við er brugðist, þegar aðstæður krefjast.

Almennt verður að gera þá kröfu til stjórnvalda, hvort sem það eru einstakir forstöðumenn stofnana eða æðri stjórnvöld, að stjórnunarhættir ríkisaðila með viðeigandi stefnumótun séu stöðugt til skoðunar og endurmats á hverjum tíma. Þannig sé leitast við að bæta árangur í ríkisrekstrinum, hvort sem það er að framfylgja lögum, uppfylla viðeigandi stjórnslu eða standa við fjárhagslegar skuldbindingar. Slíkt á ekki að vera átaksverkefni heldur reglulegur hluti af starfsemi hvers ríkisaðila til að hlutaðeigandi embætti geti brugðist við þörfum samfélagsins á grundvelli þeirrar löggjafar sem um þau málefni fjalla. Með þeim hætti verða opinberir aðilar betur búnir undir að svara þeim auknu kröfum sem nú eru gerðar til þeirra.

Rekstur hins opinbera er að stærstum hluta þjónusta þótt með mismunandi hætti og í ólíku formi sé eftir málaflokkum og eðli verkefna. Almennur, fræðasamfélagið, fjölmiðlar og viðskiptavinir einstakra stofnana gera nú um stundir meiri kröfur um árangur ríkisrekstrarins. Þeir sem sækja þjónustu til hins opinbera eiga ekki að þurfa að sæta því að það taki marga mánuði og jafnvel ár að afgreiða afmörkuð erindi. Á sama tíma er ljóst að aukin skuldsetning ríkisins vegna kórónaveirufaraldursins mun einnig reyna á að unnt verði að hagræða í ríkisrekstrinum á komandi árum og breyta honum þannig að hann verði skilvirkari, árangursríkari og hagkvæmari en nú er.

Stjórnun ríkisstofnana er þannig eitt mikilvægasta verkefnið sem horft verður til með það fyrir augum að tryggja betri meðferð ríkisfjármuna en verið hefur. Það er mikið verkefni sem þróa þarf á komandi árum með þeim hætti að þeir sem veljast til stjórnunarstarfa hjá hinu opinbera hafi þekkingu eða reynslu í stjórnun og fái jafnframt viðeigandi þjálfun og stuðning við störf sín. Við ráðningu stjórnenda hjá hinu opinbera er þannig þýðingarmikið að horfa til stjórnunarlegrar reynslu og þekkingar ekki síður en sérfræðilegrar kunnáttu á hlutaðeigandi málaflokki. Skýr stefnumörkun í þessum málum með viðeigandi markmiðasetningu er verðugt verkefni í umbótastefnu sem ríkið þarf enn frekar að auka við.



Það er almennt mikilvægt að leita leiða til að einfalda meðferð við úrlausnir mála. Verkferlar sem farið er eftir hafa iðulega verið settir upp við aðrar aðstæður og annað tækniúhverfi en nú ríkir. Margt má því einfalda og laga. Komandi tímar í aukinni rafrænni stjórnsýslu og auknar kröfur viðskiptavina opinberrar þjónustu kalla á breytingar enda ljóst að með aukinni innleiðingu rafrænna leiða má í mörgum tilvikum ná meiri og skjótvirkari árangri við afgreiðslu mála. Með rafrænum leiðum er einnig tækifæri til að einfalda verkferla sem oft vilja flækjast í gegnum árunna rás. Einfaldari stjórnsýsla ætti jafnframt að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.


Af framangreindu má vera ljóst að eitt stærsta verkefnið á komandi árum er að auka skilvirkni og hagræðingu hjá hinu opinbera enn frekar frá því sem nú er. Slíkt þarf að gerast með endurmati verklags og bættri stjórnun ríkisins ásamt viðeigandi lagabreytingum slíku til stuðnings. Með þeim hætti verður að ætla að unnt sé að bæta meðferð opinberra fjármuna umtalsvert frá því sem nú er.

Ríkisendurskoðun mun horfa til þessara þátta á komandi misserum og væntir góðs samstarfs viðeigandi stjórnvalda.

Skúli Eggert Þórðarson

Staða og hlutverk Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis og er þáttur í eftirliti löggjafarvaldsins með framkvæmdarvaldinu. Stofnunin endurskoðar ríkisreikning og reikninga stofnana og fyrirtækja sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá stuðlar stofnunin að umbótum á fjármálastjórn slíkra aðila sem og bættri hagkvæmni, skilvirkni og árangri þeirra.



Ríkisendurskoðun starfar samkvæmt lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ýmis önnur lög varða jafnframt starfsemi stofnunarinnar, t.d. lög nr. 123/2015 um opinber fjármál og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá er Ríkisendurskoðun falin tilgreind verkefni samkvæmt ýmsum lögum, t.d. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, lögum nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og lögum nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Á árinu 2019 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Meðal helstu breytinga eru ný áhersla á eftirlit með tekjum ríkisins, aukið aðgengi að gögnum og upplýsingum og samræming við stöðu umboðsmanns Alþingis hvað varðar skjalavistun.

Ríkisendurskoðandi hefur lagt ríka áherslu á það mikilvæga hlutverk stofnunarinnar að hafa eftirlit með tekjum ríkisins og í því skyni komið á fót sviði tekjueftirlits. Tilfni þess er að leita eftir að tekjustofnar ríkisins skili réttari innheimtu með því að álagningarreglur séu virtar, innheimta sé skilvirkari og að afskrifa þurfi færri óinnheimtar skatt- eða tekjukröfur. Leitast Ríkisendurskoðun við að fylgjast með hvernig innheimtu er háttað og leggur áherslu á að vörslu- og innheimtufé ríkisins, staðgreiðslu opinberra gjalda og innheimtum virðisaukaskatti sé skilað fyrir en hingað til, svo þeim tilvikum fækki þar sem vörsluaðilar verða gjaldþrota og innheimtufé tapast. Verið er að taka upp sams konar tekjueftirlit með ríkisaðilum í B-hluta og opinberum hlutafélögum í C-hluta.

Lagabreytingarnar á árinu tryggðu einnig að lög nr. 46/2016 kveða nú fortakslaust á um að ríkisendurskoðandi hafi aðgang að rafrænum gögnum og ýmsum opinberum skrá, án gjaldtöku. Einnig fékk ríkisendurskoðandi skýra heimild til að skoða bókhald þriðja aðila vegna endurskoðunar á endurgreiðslum úr ríkissjóði til einkaaðila.

Í störfum sínum fylgir starfsfólk Ríkisendurskoðunar stöðlum og leiðbeiningum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og eftir atvikum stöðlum Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC). Enn fremur fylgir starfsfólk siðareglum Ríkisendurskoðunar. Þar sem Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi gilda stjórnáskilur og upplýsingalög ekki um starfsemi stofnunarinnar umfram það sem fram kemur í lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Engu að síður gilda vissar óskráðar meginreglur stjórnáskilur um stofnunina.

Samkvæmt lögum eru helstu verkefni ríkisendurskoðanda eftirfarandi:

Fjárhagsendurskoðun

Endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins. Endurskoðun reikninga þeirra aðila sem starfa á ábyrgð ríkisins eða sinna lögbundinni þjónustu eða öðrum verkefnum gegn greiðslu eða styrkjum úr ríkissjóði. Ábendingar um það sem betur má fara í bókhaldi, reikningsskilum, innra eftirliti og rekstri og öryggi upplýsingakerfa.

Stjórnsýsluendurskoðun

Úttektir á frammistöðu stofnana og fyrirtækja ríkisins og aðila sem þiggja framlög frá ríkinu. Mat á meðferð og nýtingu ríkisfjár, þ.e. á hagkvæmni, skilvirkni og árangri ríkisaðila, ásamt ábendingum um hvað athuga þurfi til að bæta þá þætti sem hafa farið úrskeiðis.

Eftirlit með tekjum ríkisins

Yfirferð á forsendum álagningar opinberra gjalda og annarra skatta. Könnun á forsendum afskriftarkrafna og annarra krafna hins opinbera og opinberra hlutafélaga. Eftirlit með innheimtu opinberra gjalda og annarra gjalda sem m.a. opinber hlutafélög innheimta, svo og með innheimtu rekstrartekna stofnana.

Eftirlit með framkvæmd fjárlaga

Eftirlit með því hvort fjárreiður og fjárhagslegar ákvarðanir stofnana eru í samræmi við fjárlög, lög um opinber fjármál og reglugerð um framkvæmd fjárlaga.

Eftirlit með fjárreiðum kirkjugarða

Móttaka, úrvinnsla og birting upplýsinga úr ársreikningum kirkjugarða.

Eftirlit með ársreikningum sjálfseignarstofnana og sjóða

Móttaka, úrvinnsla og birting upplýsinga úr ársreikningum sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Eftirlit með fjárreiðum stjórnáttakamtaka og frambjóðenda

Móttaka, úrvinnsla og birting upplýsinga um tekjur og gjöld stjórnáttakamtaka, þátttakenda í prófkjörum og frambjóðenda í kjöri til embættis forseta Íslands.

Þótt ríkisendurskoðandi starfi á vegum Alþingis er hann sjálfstæður og engum háður í störfum sínum. Ríkisendurskoðandi ákveður hvernig hann sinnir hlutverki sínu og velur og skipuleggur verkefni sín sjálfur. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis getur farið fram á að ríkisendurskoðandi taki saman skýrslur um málefni sem falla undir starfssvið stofnunarinnar. Sama gildir ef níu þingmenn óska eftir skýrslu í þingsal. Taki ríkisendurskoðandi beiðni til athugunar ákveður hann nálgun að viðfangsefninu, aðferð, tímaramma athugunar og framsetningu á niðurstöðum.

Ríkisendurskoðun gerir viðkomandi stofnunum, Alþingi og almenningi grein fyrir niðurstöðum athugana sinna í rafrænum skýrslum og fréttum sem birtar eru á vefsíðu hennar, www.ríkisendurskodun.is. Niðurstöður sem snerta viðkvæm innri málefni stofnana eru þó ekki gerðar opinberar. Alþingi fjallar um skýrslu Ríkisendurskoðunar samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis og sérstökum reglum um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar.

Endurskoðun og eftirlit

Endurskoðun ríkisreiknings

Endurskoðun ríkisreiknings heldur áfram að vera veigamesta einstaka endurskoðunarverkefni Ríkisendurskoðunar. Ríkisreikningur fyrir árið 2018 var gefinn út 28. júní 2019, undirritaður af fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra ríkisins. Ríkisendurskoðandi áritaði reikninginn sama dag með rafrænum hætti. Áritun ríkisendurskoðanda er að finna á bls. 13 í ríkisreikningi.

Framsetning endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar var nú með breyttu sniði frá fyrri árum í þeim tilgangi að auðvelda lesendum yfirferð. Í annað sinn var ríkisreikningurinn gerður í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál nr. 123/2015, en lögin kveða á um að ríkisreikningur skuli vera að fullu á rekstrargrunni og byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila. Innleiðingu nýrra reikningsskilareglna er ekki lokið en samkvæmt innleiðingaráætlun fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Fjárslu ríkisins er reiknað með að ríkisreikningur ársins 2019 verði sá fyrsti þar sem að fullu verði stuðst við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Endurskoðun hjá ríkisendurskoðanda byggir á alþjóðlegum endurskoðunarstaðli fyrir opinbera aðila. Markmið endurskoðunar er að afla nægjanlegrar vissu um að ríkisreikningurinn sé án verulegra annmarka þannig að hægt sé að gefa út áritun sem felur í sér álit á reikningnum. Álitið tekur mið af upplýsingum í ríkisreikningnum, hvort sem þær eiga við um fjárhæðir eða skýringar og getur áritunin verið fyrirvaralaus, með fyrirvara, neikvæð eða án álits. Með áritun ríkisreiknings er gefið óháð álit sem beint er til notenda svo þeir geti lagt mat á upplýsingar í reikningnum.



Áritun ríkisendurskoðanda á ríkisreikning 2018 er með tilvísun til laga nr. 123/2015 um opinber fjármál og er án fyrirvara. Þrjár ábendingar eru þó settar fram um stöðu innleiðingar reikningskilastaðla, mat á fjármálagerningum og mat á lífeyrisskuldbindingum. Fram kemur að ríkisendurskoðandi telji að fjárhagur íslenska ríkisins sé traustur og að ríkisreikningur gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu hans. Eignastaða ríkisins er góð, eignir standa undir skuldum en endanlegu mati á bæði eignum og skuldum er ekki lokið þar sem innleiðing á nýjum reikningskilareglum er yfirstandandi.


Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings, sem send var Alþingi í október 2019, er fjallað ítarlegar um endurskoðun ríkisreiknings 2018. Þar kemur m.a. fram að lög nr. 123/2015 um opinber fjármál séu tímamótalög sem færa reikningskil hins opinbera meira í átt til reikningsskila lögaðila og skapa opinberum fjármálum nýja og um margt merkilega umgjörð. Innleiðing laganna hefði þó þurft meiri undirbúning og mátt vera markvissari, enda hefur komið í ljós að innleiðing reikningskilastaðla hefur reynst tímafreakari en ráð var fyrir gert og haft truflandi áhrif á rekstur ýmissa stofnana.

Ríkisendurskoðandi leggur áherslu á að löggjöf um ríkisfjármálin sé skýr og ótvíræð þannig að ekki skapist ágreiningur um túlkun lagaákvæða. Mikilvægt er að huga að nauðsynlegum lagfæringum á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál í ljósi reynslunnar og til að leysa úr þeim álitamálum sem skapast hafa frá innleiðingu laganna.



Framkvæmd fjárlaga

Í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga sinnir Ríkisendurskoðun sérstöku eftirliti með framkvæmd fjárlaga, auk reglubundinnar fjárhagsendurskoðunar. Felst eftirlit þetta í því að fylgjast með því hvort stofnanir fari að ákvæðum fjárlaga, laga um opinber fjármál og reglugerða er varða framkvæmd fjárlaga.



Á næstu síðu er frávikagreining á útgjöldum ríkisaðila gagnvart fjárheimildum fyrir árið 2019.



Hér eru sýnd heildargjöld ráðuneyta ásamt hlutfalli af heildarútgjöldum allra ráðuneyta. Þá er tilgreindur fjöldi fjárlaga-liða sem var undir eða yfir fjárheimild ásamt frávikum í fjárhæð og sem hlutfall af gjöldum. Fjárheimildir eru samkvæmt fjárlögum, fjáruka-lögum, millifærslum og fluttrar stöðu frá fyrra ári.



Eftirlit með fjármálum tengdum stjórnmalastarfsemi

Ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með fjármálum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda samkvæmt lögum nr. 162/2006. Löggin skylda stjórnmalasamtök til að skila ársreikningi til Ríkisendurskoðunar sem birtir í kjölfarið útdrátt úr honum. Þá er kannað hvort framlög til stjórnmalasamtaka séu innan löglegra marka. Frambjóðendum í persónukjöri ber að skila stofnuninni uppgjöri um tekjur og kostnað vegna kosningabaráttu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kjör fer fram, ef heildarkostnaður fer umfram skilgreint hámark.

Stjórnmalasamtökum er gefinn frestur til 1. október ár hvert til að skila reikningum næstliðins árs. Samtals 25 stjórnmalasamtök skiluðu reikningum ársins 2018 fyrir 1. október 2019. Þá barst einn reikningur fyrir árið 2017.

Þann 1. janúar 2019 tóku gildi breytingar á lögum nr. 162/2006 sem fólust m.a. í hækkun hámarksframlags einstaklinga og lögaðila til stjórnmalasamtaka. Samhliða voru gerðar breytingar á skilaskyldu stjórnmalasamtaka til ríkisendurskoðanda og hugtakinu tengdir aðilar sem auðveldar eftirlit með framlögum til stjórnmalasamtaka. Frá og með árinu 2020 mun ríkisendurskoðandi birta ársreikning stjórnmalasamtaka í stað þess að birta útdrátt.

Ársreikningar kirkjugarða

Ríkisendurskoðun hefur lögboðið eftirlit með ársreikningum kirkjugarða samkvæmt ákvæðum laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og

líkbrennslu og er kirkjugarðsstjórnnum skylt að senda ársreikninga kirkjugarða til stofnunarinnar. Ársreikningum næstliðins árs á að skila fyrir 1. júní ár hvert. Ríkisendurskoðun yfirfer reikningana, áritanir endurskoðenda og stemmir af samtölur. Ríkisendurskoðun getur einnig kallað eftir upplýsingum og gögnum að baki reikningunum til nánari athugunar í samræmi við heimildir í lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Þá heldur stofnunin skrá sem geymir upplýsingar um rekstur og efnahag kirkjugarða.

Í hinum níu prófastsdæmum landsins eru 242 kirkjugarðar sem skila eiga ársreikningum til Ríkisendurskoðunar. Í lok október 2019 höfðu stofnuninni borist ársreikningar frá 169 kirkjugörðum vegna ársins 2018, sem eru nokkuð lakari skil en á árinu áður. Athygli vekur að það eru mikið til sömu kirkjugarðarnir sem ekki skila ársreikningum ár eftir ár, en það sem einkum einkennir þá kirkjugarða er smæð þeirra. Hefur Ríkisendurskoðun í þessu sambandi ítrekað hvatt til þess að kannaðir verði möguleikar á frekari sameiningum kirkjugarðsstjórna.

Sjóðir og sjálfseignarstofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá

Ríkisendurskoðandi hefur, ásamt sýslumanninum á Norðurlandi vestra, ákveðið eftirlit með fjárreiðum sjóða og stofnana sem falla undir gildissvið laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Þessum aðilum er skylt, eigi síðar en 30. júní ár hvert, að senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir næstliðið ár, ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðs eða stofnunar hefur verið ráðstafað á því



ári. Ríkisendurskoðun ber samkvæmt lögnum að halda skrá yfir heildartekjur, gjöld, eignir og skuldir allra skráðra sjóða og stofnana, svo og athugasemdir sínar við framlagða reikninga.

Í febrúar 2020 birti Ríkisendurskoðun útdrátt úr ársreikningum sjálfseignarstofnana og sjóða sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá fyrir rekstrarárið 2018. Þá höfðu 500 sjálfseignarstofnanir og sjóðir af þeim 716 skilaskyldu aðilum sem lög nr. 19/1988 ná til skilað Ríkisendurskoðun ársreikningi fyrir árið 2018. Þannig hafði tæplega 70% ársreikninga borist sex mánuðum eftir eindaga skila.

Athygli vekur að 57 skilaskyldir aðilar hafa aldrei skilað ársreikningi þrátt fyrir ítrekanir þar um. Ríkisendurskoðun hefur samband við forráðamenn þeirra sjálfseignarstofnana og sjóða sem ekki skila ársreikningi á réttum tíma og hvetur til skila. Ef ekki er brugðist við slíkum tilmælum tilkynnir Ríkisendurskoðun slíkt til sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Þótt skil hafi batnað töluvert á undanförunum tveimur árum, m.a. vegna aukinnar eftirfylgni, er ljóst að virkari úrræði þarf til að knýja fram skil á ársreikningum. Í því sambandi hefur Ríkisendurskoðun farið þess á leit við dómsmálaráðuneyti og Alþingi að gerðar verði breytingar á lögum nr. 19/1988 til að lögfasta refsikennd viðurlög til samræmis við lög nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Fjárhagsendurskoðun

Fjárhagsendurskoðun miðar að því að:

- Reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Kanna innra eftirlit stofnana og fyrirtækja og hvort það tryggji viðunandi árangur.
- Rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Áhersla er að jafnaði lögð á að endurskoða umfangsmestu stofnanir ríkisins, enda hafa þær mesta þýðingu þegar meta þarf hvort ríkisreikningur gefi glögga mynd af rekstri efnahags og ríkissjóðs í heild. Hins vegar er áhættan að eitthvað fari úrskaiðis í bókhaldi eða rekstri almennt talin meiri hjá smærri stofnunum og því er mikilvægt að ekki sé litið fram hjá þeim við árlegt val á endurskoðunarverkefnum.

Þegar búið er að velja stofnun eða fjárlagalið til endurskoðunar er möguleg áhætta tengd bókhaldi, fjármálastjórn og rekstri metin og hugað er að undirbúningi, gerð endurskoðunaráætlunar og mati á innra eftirliti. Niðurstöður áhættumats ráða hvaða endurskoðunaraðgerðum skuli beitt. Við lok endurskoðunar tekur við skýrslugerð þar sem niðurstöður eru settar fram og er skýrslan birt á vef Ríkisendurskoðunar. Á árinu 2019 birti Ríkisendurskoðun 15 skýrslur vegna endurskoðunar á ársreikningum ríkisaðila.

Ríkisendurskoðun hefur nýtt útvistunarheimild í 7. gr. laga nr. 46/2016 til að fela endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum að vinna í umboði sínu að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin með lögum. Verkefni eru þá boðin út í samræmi við lög nr. 120/2016 um opinber innkaup eða gerðir samningar við fyrirtæki á grundvelli rammisamninga Ríkiskaupa um endurskoðun, yfirleitt að undangengnu örútbóði.



Stjórnsýsluendurskoðun

Stjórnsýsluendurskoðun er skv. 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og felur í sér mat á frammistöðu ríkisaðila. Markmið stjórnsýsluendurskoðunar er að stuðla að úrbótum þar sem einkum er horft til:


- Meðferðar og nýtingar ríkisfjár
- Hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins
- Hvort framlög ríkisins skili þeim árangri sem að er stefnt

Stjórnsýsluúttektir ríkisendurskoðanda eru ýmist unnar að eigin frumkvæði eða eftir beiðnum utanaðkomandi aðila, ráðuneyta og stofnana en einkum þó Alþingis. Beiðnir sem koma frá Alþingi njóta forgangs.

Skýrslur til Alþingis

Ríkisendurskoðandi birti Alþingi alls átta skýrslur á árinu 2019. Skýrslur þessar eru allar ítarlegar og efnismiklar og liggur mikil vinna að baki hverju viðfangi. Á næstu síðum er gerð grein fyrir þessum skýrslum og tillögum Ríkisendurskoðunar til úrbóta.





Eftirlit með framkvæmd laga

- Styrkja þarf eftirlit með framkvæmd laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.
- Tryggja þarf nauðsynleg úrræði og aðföng svo unnt sé að sinna eftirliti með markvissum og árangursríkum hætti.

Eftirlit með vigtun

- Setja þarf fram skýrar kröfur um aðstöðu til vigtunar sjávarafla í löndunarhöfnum og eftirlit hafnaryfirvalda með vigtun svo bæta megi eftirlit með nýtingu auðlindarinnar. Kanna þarf hvort færa eigi vigtun á hafnarvog undir forræði Fiskistofu.
- Fylgja þarf eftir samstarfsyfirlýsingu Fiskistofu við Hafnasamband Íslands svo efla megi eftirlit með vigtun á hafnarvog. Mikilvægt er að unnið verði áfram að þeim nauðsynlegu úrbótum sem nefndar eru í yfirlýsingunni svo fækka megi þeim áhættuþáttum sem eru til staðar við vigtun á hafnarvog.
- Forsendur og fyrirkomulag endurvigtunar þarf að endurskoða frá grunni svo bæta megi eftirlit með vigtunarleyfishöfum. Tryggja þarf að hægt verði að sinna skilvirku og árangursríku eftirliti með heimavigtun.
- Fjölga þarf yfirstöðum eftirlitsmanna hjá vigtunarleyfishöfum. Nýta þarf til hins ítrasta heimild Fiskistofu til að fylgjast með allri vigtun leyfishafa í allt að sex vikur, komi í ljós að veruleg frávik séu í ishlotfalli.

Eftirlit með brottkasti

- Kanna þarf hvort og þá hvernig hægt er að auka samstarf Fiskistofu og Landhelgisgæslu Íslands við eftirlit með brottkasti.
- Auka þarf viðveru eftirlitsmanna um borð í fiskiskipum en einnig horfa til tækninýjunga við eftirlit sem gætu sparað bæði tíma og fjármagn.

Eftirlit með samþjöppun aflaheimilda

- Endurskoða þarf ákvæði 13. og 14. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða svo þau þjóni tilgangi sínum. Tryggja verður að ákvæði um hvenær tveir eða fleiri aðilar skuli teljast tengdir við framkvæmd þeirra séu skýr.
- Meta þarf yfirráð tengdra aðila yfir aflaheimildum með reglubundnum og markvissum hætti út frá ákvæðum 13. gr. laga um stjórn fiskveiða.
- Endurskoða þarf hvernig staðið er að eftirliti með eignarhaldi útgerðarfyrirtækja og tengslum milli aðila í sjávarútvegi. Koma þarf upp markvissu eftirliti með eignarhaldi útgerðarfélaganna svo að Fiskistofa búi á hverjum tíma yfir nýjustu upplýsingum um bein og óbein tengsl milli aðila í sjávarútvegi.

Málshraði og verkbókhald

Halda þarf utan um málshraða þeirra verkefna sem embætti sýslumanna sinna og færa verkbókhald, m.a. til að öðlast skýrari yfirsýn um verkefni og afgreiðslutíma þeirra. Á grundvelli slíkra upplýsinga má skipuleggja vinnu sérfræðinga betur og dreifa verkefnum þannig að það leiði til aukinnar skilvirkni og bættrar þjónustu.

Aukin rafræn stjórnsýsla

Stigið hefur verið skref í átt að aukinni rafrænni stjórnsýslu með samþykkt laga nr. 151/2018 um breytingu á þinglýsingalögum. Með breytingunum er heimilt að þinglýsa skjali með rafrænni færslu. Mikilvægt er að áfram verði haldið á þessari braut t.d. með möguleikum á samþykkt rafrænna erinda eða áframhaldandi þróun rafrænna leyfisveitinga. Auka þarf áherslu á þróun rafrænnar stjórnsýslu hjá sýslumönnum með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi og til að efla enn frekar þjónustu við borgarana.

Starfskerfi sýslumanna

Bæta þarf starfskerfi sýslumannsembætta því núverandi skipulag mætir ekki þörfum sýslumanna hvað upplýsingaöflun og miðlun varðar. Efla þarf samstarf sýslumanna, skilgreina verkefni og forgangsraða þeim í samráði við Þjóðskrá.

Hlutverk sýslumannsembætta og hagræðingaraðgerðir

Skilgreina þarf hlutverk og þjónustustig sýslumannsembætta svo að tryggja megi rétta fjármögnun þeirra. Gera þarf nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar. Þá þarf að auka skilvirkni, samræmi og hagkvæmni í þjónustu sýslumanna og rekstri. Einnig er mikilvægt að kanna kosti aukinnar samvinnu og/eða frekari sameininga embættanna.





Tryggja þarf rekstrargrundvöll Íslandspósts ohf. til lengri tíma

Brýnt er að stjórnvöld bregðist við og tryggja rekstrargrundvöll innlendrar pósthjónustu í því breytilega umhverfi sem starfsgreinin býr við. Í þessu sambandi bendir ríkisendurskoðandi á þann möguleika í frumvarpi til nýrra heildarlaga um pósthjónustu að gera þjónustusamning við alþjónustuskýlda aðila. Með fyrirhuguðu afnámi einkaréttar á hluta pósthjónustu er mikilvægt að stjórnvöld stuðli að fyrirsjáanlegu starfsumhverfi þeirra aðila sem starfa á þessu sviði, nú Íslandspósts ohf.

Móta þarf sérstaka eigandastefnu fyrir Íslandspóst ohf.

Mikilvægt er að stjórnvöld ráðist í mótun sérstakrar eigandastefnu fyrir Íslandspóst ohf. vegna síbreytilegra aðstæðna og sértækra áskorana í rekstrarumhverfi félagsins. Ríkisendurskoðandi telur ófullnægjandi að styðjast við almenna eigandastefnu ríkisins heldur þarf hún að vera sérstök eigi félagið á annað borð að vera áfram starfandi í opinberri eigu.

Efla þarf eftirlit

Ríkisendurskoðandi leggur áherslu á að ráðuneyti og eftirlitsstofnanir túlki eftirlitsheimildir og -skyldur sínar gagnvart Íslandspósti ohf. með sama hætti og gagnkvæmur skilningur sé á hlutverki hvers og eins. Mikilvægt er að allir eftirlitsaðilar stundi forvirkt eftirlit út frá sameiginlegri heildarsýn.

Ráðast þarf í frekari hagræðingaraðgerðir

Að mati ríkisendurskoðanda er full ástæða til þess að ráðast í margvíslegar hagræðingaraðgerðir innan Íslandspósts ohf., einkum hvað varðar að sameina enn frekar dreifikerfi bréfa og pakka í þéttbýli. Brýnt er að umfang starfsemi Íslandspósts ohf. sé metin með hliðsjón af síbreytilegu rekstrarumhverfi og áframhaldandi aðlögun að nútímapósthjónustu.

Ábendingar í áritun ríkisendurskoðanda

- Innleiðingu á alþjóðlegum reikningskilastöðlum var ekki lokið í árslok 2018 sem hafði tiltekin áhrif á glögga mynd.
- Mat á fjáreignum og fjárskuldum er ekki í samræmi við ákvæði reikningskilastaðla.
- Mat á lífeyrisskuldbindingu er ekki í samræmi við ákvæði reikningskilastaðla.


Innra eftirlit og innri endurskoðun

Heildarábyrgð á ríkisfjármálum er hjá fjármála- og efnahagsráðherra. Mikilvægt er að ráðherra ákveði sem fyrst fyrirkomulag og framkvæmd innra eftirlits og innri endurskoðunar hjá ríkinu.

Mat á eignum og upplýsingar um eignarhald

- Lagt er til að við mat á fasteignum ríkisins verði stuðst við opinbert mat úr fasteignaskrá sem Þjóðskrá Íslands rekur.
- Mikilvægt er að í ríkisreikningi komi fram ítarlegar upplýsingar um heildarfjárfestingar ríkisins í samgöngukerfum og meginflokkum þeirra.
- Bæta þarf upplýsingar í ríkisreikningi um eignarhald og skuldbindingar vegna fjárfestinga í fyrirtækjum, sjóðum og alþjóðastofnunum sem ríkið er aðili að.
- Leggja þarf mat á allar óefnislegar eignir ríkisins og upplýst verði í ríkisreikningi um megin flokka þeirra og áætlaðan líftíma.





Pörf á endurskoðun laga

Endurskoða þarf lög nr. 43/1999 og reglugerð nr. 450/2017 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi með það að markmiði að skýra betur hvaða kostnaðarliðir falla undir endurgreiðslustofn í skilningi tekjuskattslaga. Rík ástæða er til að skilyrða endurgreiðslur við rétt skattskil og gera kröfu um að kannað sé til hlítar hvort opinber gjöld hafi verið greidd vegna þeirra reikninga sem mynda endurgreiðslustofn kvikmynda- og sjónvarpsverkefna.

Stjórnskipulag endurgreiðslukerfis kvikmynda

Endurskoða þarf núverandi stjórnskipulag endurgreiðslukerfis kvikmynda og efla samstarf við embætti ríkisskattstjóra um endurskoðun kostnaðaruppgjors þeirra verkefna sem falla undir endurgreiðslukerfið. Jafnframt mætti kanna hvort umsýsla og þjónusta við nefnd um tímabundnar endurgreiðslur sé betur komið fyrir hjá annarri opinberri stofnun en Kvikmyndamiðstöð Íslands, með Kvikmyndamiðstöðina sem faglegan umsagnaraðila.

Eftirlit og endurskoðun kostnaðaryfirlits

Auka þarf eftirlit og endurskoðun kostnaðaruppgjóra kvikmyndaverkefna og gera kröfu um að þau séu endurskoðuð með hliðsjón af lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og tekjuskattslögum. Mikilvægt er að leggja ávallt mat á réttmæti þess kostnaðar sem sótt er um endurgreiðslu af og krefjast sundurliðunar þess framleiðslukostnaðar sem fellur til. Loks er full ástæða til að efla eftirlit með verkefnum sem hljóta minna en 20 m.kr. í endurgreiðslu.

Afmörkun og skilgreining endurgreiðsluhæfis verkefna

Til að tryggja að þeir fjármunir sem veittir eru í málaflokkinn séu nýttir með sem hagkvæmustum hætti er mikilvægt að skilgreina betur hvers kyns kvikmynda- og sjónvarpsverkefni falla undir endurgreiðslukerfið og tryggja að þau séu í samræmi við markmið laga nr. 43/1999.

Bæta þarf eftirlit með rekstri

Tryggja verður að bæði tekjur og gjöld séu afstemmd og að bókhald stofnunarinnar gefi raunsanna mynd af rekstrinum hverju sinni. Kanna þarf möguleika á því að reikningar verði sendir rafrænt til allra samþykktaraðila en slíkt myndi bæta verklag og utanumhald um samþykkt og greiðslu reikninga. Bæta þarf yfirferð launaupplýsinga til að tryggja rétta greiðslu launa. Auk þess þarf að efla yfirsýn um samninga við rekstraraðila og framkvæmdir innan þjóðgarðsins. Einnig þarf að bæta verklag og eftirlit vegna styrkumsókna.

Skýrara stjórnskipulag og virk stjórnþæki

Styrkja þarf skipulag og stjórnun Vatnajökulsþjóðgarðs og festa í sessi þau stjórnþæki sem eru nauðsynleg til að starfsemi ná markmiðum sínum. Koma verður á samþykktu skipuriti, skýrum starfslýsingum og verklagsreglum sem lúta að ákvörðunum tengdum rekstri og stjórnun á öllum stigum starfseminnar. Nýta verður heimildir til að setja reglugerð um verkefni og starfsemi stjórnar og svæðisráða og tryggja að stjórnunar- og verndaráætlun garðsins nýtist sem það stjórnþæki sem henni er ætlað að vera.

Efla þarf miðlæga stjórnsýslu

Efla þarf miðlæga stjórnsýslu Vatnajökulsþjóðgarðs og tryggja að hún hafi bolmagn til að hafa virkt eftirlit með fjárreiðum, bókhaldi og skuldbindingum þjóðgarðsins. Þá þarf að gæta samræmis í stjórn mannauðsmála á milli rekstrarsvæða, sérstaklega hvað varðar ráðningar og launasetningu.

Traustari tekjustofna á öllum rekstrarsvæðum

Styrkja þarf tekjustofna allra rekstrarsvæða Vatnajökulsþjóðgarðs. Grundvallaratriði er að lokið verði við nýja stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins og að innleidd verði skýr atvinnustefna líkt og lög nr. 60/2007 gera ráð fyrir.

Setja verður reglugerð um samninga vegna atvinnutengdrar starfsemi og málsmeðferð þar um. Bæði myndi það stuðla að bættri stjórnsýslu auk þess sem eðlileg gjaldtaka vegna þjónustu, samninga og leyfisveitinga við þá aðila sem nýta sér auðlindir þjóðgarðsins í atvinnuskyni er forsenda þess að reksturinn verði sjálfbær.





Fara verður að lögum

Ríkisútvarpinu ohf. ber að uppfylla þær skyldur sem 4. gr. laga nr. 23/2013 leggur á félagið og stofna og reka dótturfélög fyrir aðra starfsemi en fjölmiðlun í almannabágu. Lagaleg skylda félagsins gengur framur því óhagræði sem hugsanlega kann að hljóttast af stofnun dótturfélaga.

Verðmeta þarf réttinn til nýtingar á viðskiptaboðum

Til að auka gagnsæi um aðskilnað fjölmiðlaþjónustu í almannabágu og samkeppnisreksturs og tryggja að ríkisstyrkir renni ekki til annarrar starfsemi en almannaðjónustu þarf að verðmeta rými milli dagskrárliða RÚV ohf. sem nýtt eru undir auglýsingar og önnur viðskiptaboð. Í innra bókhaldi þarf síðan að tekju- og gjaldfæra þau með viðeigandi hætti, þ.e. til tekna hjá almannaðjónustu félagsins og gjalda hjá samkeppnishlutanum.

Gæta þarf samræmis í eignum ríkisins

Ríkisendurskoðandi telur að fjármála- og efnahagsráðuneyti eigi að fara með hlut ríkisins í Ríkisútvarpinu ohf. líkt og það geri með önnur félög sem ríkið á eignarhlut í enda sé æskilegt að skilja á milli eigendaábyrgðar og faglegrar ábyrgðar. Þá telur ríkisendurskoðandi rétt að skipa í stjórn Ríkisútvarpsins ohf. á forsendum hæfisskilyrða 66. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 44. gr. laga um opinber fjármál. Mikilvægt sé að tryggja að a.m.k. hluti stjórnarmanna hafi sérþekkingu á fjármálum.

Efla þarf fjárhagslegt eftirlit stjórnar Ríkisútvarpsins ohf.

Efla þarf eftirlit stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. með fjárhag og rekstri félagsins og tryggja sjálfbæran rekstur. Mikilvægt er að stjórnin fái með reglubundnum hætti kynningu á heildarfjárhagsáætlun félagsins og fjalli um áætlaðar fjárfestingar, fjárstreymi og fjárhagsstöðu til viðbótar við rekstraráætlanir.

Lagagrundvöllur og hlutverk Verkefnastofu um stafrænt Ísland og Ísland.is

Þörf er á að samræma samskipti og fleiri atriði í upplýsingakerfum opinberra aðila til þess að gera stafræna opinbera þjónusta auðveldari. Þetta kallar á samræmingu á upplýsingakerfum fleiri aðila en falla undir valdsvið fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Lagagrundvöll vantar fyrir Verkefnastofu um stafrænt Ísland og island.is til þess að vera þessi samstarfsvettvangur. Mikilvægt er að fleiri en ríkið komi að þróun þessarar þjónustu þar sem bæði sveitarfélög, opinber félög og einkaaðilar sjá um að veita opinbera þjónustu.

Samræming á tækniinnviðum ríkisins til þess að auðvelda samtengingar kerfa og samnýtingu upplýsinga

Einungis hluti af ferlinu er stafrænn. Ljóst er að ýmis tækifæri eru til þess að bæta stafræna opinbera þjónustu og auka skilvirkni og hagkvæmni bæði fyrir umsækjendur og opinbera aðila. Til þess að svo megi verða þarf samræmingu á tækniinnviðum ríkisins. Verkefnastofa um stafrænt Ísland vinnur nú að slíkri samræmingu. Mikilvægt er að því verki ljúki sem fyrst.

Betri leiðbeiningar fyrir umsækjendur

Bæta þarf leiðbeiningar fyrir þá sem eru að opna veitingastaði. Best væri ef þeir gætu leitað á einn stað til þess að fá upplýsingar um stöðu og framgang umsókna sinna í stjórnsýslunni og hvað þeir eiga að gera næst. Sérstaklega þarf að huga að þörfum þeirra veitingamanna sem ekki hafa gott vald á íslensku.

Áhrif tækniþreyinga á störf starfsmanna - endurmenntun og þjálfun

Umbreyting á opinberri þjónustu úr stjórnsýslu sem grundvölluð er á pappírs umsóknareyðublöðum yfir í stafræna opinbera þjónustu getur haft í för með sér breytingar á verkferlum og störfum starfsmanna opinberra stofnana. Slíkar breytingar leiða til þess að þörf er á endurmenntun og þjálfun starfsmanna. Einnig gæti þetta kallað á breytingar á þjónustustefnu opinberra aðila s.s. að opinberir aðilar hafi frumkvæði að því að bjóða fram aðstoð sína. Jafnvel áður en umsækjandi hefur gert sér grein fyrir því að hann þurfi að leita til viðkomandi opinbers aðila. Í fjármálaáætlun er að finna ýmis innleiðingarverkefni stafrænnar opinberrar þjónustu, flest eru þau tölvutæknilegs eðlis. Það vantar verkefni sem taka á mannlegum þáttunum sem fylgja tækniþreyingum.



Eftirfylgni stjórnsýsluúttekta

Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórnsýsluendurskoðun fylgir Ríkisendurskoðun þeim stjórnsýsluúttektum sem gerðar eru skv. 6. gr. laga nr. 46/2016 jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig viðkomandi aðilar hafi brugðist við tillögum stofnunarinnar til úrbóta. Í því sambandi er litið til frammistöðu þeirra út frá sjónarmiðum um meðferð og nýtingu fjármuna, hagkvæmni og skilvirkni í rekstri, viðurkenndra starfshátta og fylgni við forsendur og ákvarðanir Alþingis. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu aðalúttektar og leggur Ríkisendurskoðun þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Fram til ársins 2019 gaf Ríkisendurskoðun út sérstaka skýrslu fyrir hvert einstakt eftirfylgnimál en sú nýbreytni er viðhöfð nú að aðeins reifa niðurstöður eftirfylgni stuttlega í ársskýrslu.

Árið 2016 birti Ríkisendurskoðun tíu skýrslur vegna stjórnsýsluúttekta sem var lokið á því ári. Í þeim voru settar fram 37 tillögur til úrbóta. Á árinu 2019 sá Ríkisendurskoðun ástæðu til að fylgja eftir 15 af þessum tillögum úr sex stjórnsýsluúttektum.

Samningar ríkisins vegna sjúkrahótels í Ármúla

Heilbrigðisráðuneyti

Tillögur til úrbóta

- Marka þarf skýra stefnu um eðli og rekstur sjúkra- og sjúklingahótela
- Tryggja þarf samræmda skráningu upplýsinga um rekstur sjúkrahótela
- Endurskoða þarf reglugerð um gjald fyrir dvöl á sjúkrahóteli

Niðurstöður eftirfylgni

Sett hefur verið ný reglugerð um dvöl á sjúkrahótelum og nýtt sjúkrahótel hefur tekið til starfa. Nýir rammamarkar Sjúkrtrygginga Íslands um gistiþjónustu hafa tekið gildi og skráning upplýsinga um rekstur sjúkrahótela hefur verið bætt. Formleg stefnumörkun um starfsemi og hlutverk sjúkrahótela er hins vegar enn aðeins fólgin í ákvæðum reglugerða og er ekki til staðar hvað varðar sjúklingahótel.

Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglina

Heilbrigðisráðuneyti

Tillögur til úrbóta

- Skýra þarf skipulag og forsendur geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglina á öðru og þriðja þjónustustigi
- Innleiða þarf hlutlæg viðmið um biðtíma

Niðurstöður eftirfylgni

Enn eru annmarkar á skipulagi þjónustunnar hvað snýr að hlutverkum og samspili aðila milli þjónustu- og stjórnsýslustiga. Hlutlæg viðmið um biðtíma hafa ekki verið innleidd.

Meðhöndlun heimilísúrgangs*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti*Tillögur til úrbóta

- Koma þarf á eftirliti með svæðisáætlunum sveitarfélaga
- Auka þarf upplýsingagjöf til almennings og rekstraraðila

Niðurstöður eftirfylgni

Komið hefur verið til móts við tillögur Ríkisendurskoðunar en enn þarf að stuðla að aukinni og samræmdri flokkun úrgangs á landsvísu og auka upplýsingagjöf til almennings og rekstraraðila um flokkun og meðhöndlun úrgangs.

Flutningur ríkisstarfsemi milli landshluta*Fjármálaráðuneyti*Tillögur til úrbóta

- Setja þarf skýrar leiðbeiningar um flutning ríkisstarfsemi
- Meta þarf ávinning og árangur af flutningi ríkisstarfsemi

Niðurstöður eftirfylgni

Tillögur Ríkisendurskoðunar hafa enn ekki náð fram að ganga.

Vegagerðin. Skipulag og samruni*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti*Tillögur til úrbóta

- Ljúka þarf samruna þeirrar starfsemi sem heyrir undir Vegagerðina
- Taka þarf til skoðunar neikvætt bundið eigið fé Vegagerðarinnar
- Tryggja þarf að jafnan sé í gildi uppfærð samgönguáætlun

Niðurstöður eftirfylgni

Vegagerðin starfar samkvæmt nýju skipuriti og breytingar hafa orðið á lögum um samgönguáætlun. Enn hefur ekki hefur verið tekin ákvörðun um með hvaða hætti farið verður með uppsafnað bundið eigið fé í bókhaldi ríkisins.

Loftgæði á Íslandi*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti & Umhverfisstofnun*Tillögur til úrbóta

- Tryggja þarf virka stefnumótun stjórnvalda um loftgæði
- Umhverfisstofnun leggi aukna áherslu á málefni loftgæða
- Sinna þarf betur útgáfu á efni um stöðu og þróun loftgæða á Íslandi


Niðurstöður eftirfylgni

Komið hefur verið til móts við tillögur Ríkisendurskoðunar. Ráðherra hefur lagt fram stefnu og aðgerðaáætlun í loftgæðamálum og Umhverfisstofnun hefur aukið stuðning við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og bætt miðlun upplýsinga.

Embættið

Mannauður


Mannauðsstefna Ríkisendurskoðunar mótast af þeirri hugsun að ánægt og áhugasamt starfsfólk með viðeigandi menntun og reynslu sé lykillinn að árangri. Meginmarkmið hennar er því að búa starfsfólki embættisins góð starfsskilyrði, auka færni þeirra og efla starfsanda á vinnustað. Á þann hátt sinni stofnunin best hlutverki sínu og margþættum og síbreytilegum verkefnum.



86%

Menntun

Mikill meirihluti starfsfólks er með háskólamenntun



57%

Kynjaskipting

Konur eru ríflega helmingur starfsfólks



10%

Endurnýjun

Fimm nýir starfsmenn hófu störf á árinu



50%


Jafnrétti

Konur eru helmingur framkvæmdastjórnar

Ríkisendurskoðun vill að stofnunin sé eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfsfólki líður vel og því eru búin góð skilyrði til að sinna störfum sínum. Hefur Ríkisendurskoðun m.a. verið í fararbroddi við útfærslu á tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar undir heitinu „skipulagður sveigjanleiki“. Hugsunin er að auka starfsánægju, afköst og stuðla að betra jafnvægi á milli vinnu og einkalífs starfsmanna.

Skipulagður sveigjanleiki hjá Ríkisendurskoðun felur í sér að viðverukrafa hjá starfsmanni í föstu 100% starfi er 36,5 tímar á viku og styttest þannig um 3,5 tíma á viku. Starfsfólk ákveður sjálfst hvernig það stytir vinnuvikuna svo framarlega sem það hafi ekki áhrif á verkefni þeirra og afköst.

Tilraunaverkefnið hefur tekist mjög vel og haft margvísleg jákvæð áhrif á vinnustaðinn. Starfsánægjukannanir Ríkisendurskoðunar sýna að mælingar er varða starfsanda og sveigjanleika styrktust eftir að skipulagður sveigjanleiki var tekinn upp auk þess sem það dró úr álagi. Ein helsta áskorun verkefnisins er að sporna gegn því að yfirvinna aukist og/eða afköst minnki. Það er því bæði áhugavert og ánægjulegt að sjá að á tímabilinu eftir að skipulagður sveigjanleiki hófst dró úr yfirvinnu á sama tíma og afkastageta stofnunarinnar skertist ekki.



Verkferlar

Haldið var áfram á árinu 2019 að skrásetja og endurskoða alla verkferla innan Ríkisendurskoðunar með það að markmiði að vista þá miðlægt og birta með aðgengilegum hætti á heimasíðu stofnunarinnar.


Öryggismál

Unnið var að úttekt á öryggismálum embættisins, bæði rekstraröryggi sem og öryggi starfsmanna og viðskiptavina. Áhersla var á að skoða m.a. slysavarnir, brunavarnir og aðgangsstýringar við húsnæði Ríkisendurskoðunar.



Framtíðarsýn 2019 – 2024





Skipurit Ríkisendurskoðunar
sem tók gildi 1. febrúar 2019

Stefnumótun og starfsmannafundir

Ríkisendurskoðandi hefur lagt áherslu á að þróa og útvíkka meginhlutverk embættisins frá hefðbundinni endurskoðun að heildrænu eftirliti með nýtingu ríkisfjár. Á árinu 2019 voru gerðar breytingar á lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga sem styrkja þessa stefnumörkun með því að skilgreina og skýra hlutverk embættisins við að hafa eftirlit með tekjum ríkisins og að fjárheimildir og hvers konar verðmæti séu nýtt og þeim ráðstafað á hagkvæman og réttmætan hátt og í samræmi við forsendur og ákvarðanir Alþingis.

Einn mikilvægasti liður í stefnumótunarstarfi Ríkisendurskoðunar er að halda reglulega starfsmannafundi þar sem starfsfólki gefst kostur á að fræðast og skiptast á skoðunum, miðla upplýsingum sín á milli og taka virkan þátt í þróun á starfi stofnunarinnar og stefnu hennar til framtíðar.

Á árinu 2019 voru haldnir þrjár starfsmannafundir sem fjölluðu hver með sínum hætti um breytingar og breytingastjórnun og miðuðu að því að skerpa á stöðu Ríkisendurskoðunar og sýn starfsfólks á verkefni og starfsmáta stofnunarinnar. Þá var ekki síst stuðlað að því skipulagi og samstarfi sem nauðsynlegt er að viðhafa í innra starfi Ríkisendurskoðunar svo afraksturinn megi verða öðrum opinberum aðilum til fyrirmyndar og eftirbreytni og afurðir stofnunarinnar njóti tilhlýðilegs trausts og trúverðugleika í samfélaginu.

Stefnumótunarstarfið hefur m.a. haft mikil áhrif á áherslur og framsetningu í úttektarskýrslum Ríkisendurskoðunar og orðið til þess að stórauka teymisvinnu þvert yfir skipulag stofnunarinnar. Mikilvægur þáttur í þessari vegferð hefur falist í að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks og taka í notkun nýjustu tæknilausnir fyrir samskipti og úrvinnslu gagna.



Margir góðir gestir fluttu fróðleg erindi á starfsmannafundum Ríkisendurskoðunar á árinu. Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, og Helgi Bernódusson, þáverandi skrifstofustjóri Alþingis, miðluðu báðir af djúpri reynslu sinni af breytingum og þróun starfa þingsins og skrifstofu Alþingis á undanförunum áratugum. Alda Sigurðardóttir, stjórnendabjálfi, flutti erindi um uppbyggileg samskipti á tímum breytinga og Guðrún Ögmundsdóttir, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, kynnti stjórnendastefnu ríkisins. Ragnhildur Arnljótsdóttir, þáverandi ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis flutti erindi um verkefni Stjórnarráðsins undir heitinu „Framtíðin er skammt undan“. Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari fjallaði um auðgunarbrot og mútur og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, fræddi starfsfólk um lífeyriskerfið.

Einnig var starfsfólki boðið upp á röð svokallaðra örfyrirlestra um margvísleg málefni á árinu. Ólafur Örn Haraldsson, fyrrum alþingismaður og þjóðgarðsvörður, flutti erindi um Þingvelli og framtíð þjóðgarðsins. Pétur Ármannsson, arkitekt og rithöfundur, veitti innsýn í þróun skipulagsmála á Íslandi undir heitinu „Byggingar sem aldrei risu“. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, fjallaði um breytingar og framtíð bankaþjónustu. Að auki flutti starfsfólk Ríkisendurskoðunar sjálft erindi á þessum fundum, en Guðrún Jenný Jónsdóttir, staðgengill ríkisendurskoðanda, fjallaði um starfsemi opinberra hlutafélaga og Guðmundur B. Helgason, sérfræðingur, fjallaði um reynslu af lífi og störfum fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Jórdaníu.



Húsnæðismál

Starfsemi Ríkisendurskoðunar hefur um nærfellt þriggja áratuga skeið verið í húsnæði við Bríetartún 7 (áður Skúlagata 57) í Reykjavík. Löngu var orðið tímabært að ráðast í talsverðar endurbætur á húsnæðinu og á haustmánuðum 2018 var ákveðið að stefna að endurbyggingu þess, a.m.k. að hluta. Á vormánuðum 2019 hófst undirbúningur að útboði til að leita framkvæmdaraðila til að annast breytingar á annarri og þriðju og þriðju hæð húsnæðisins. Framkvæmdir hófust í septemberlok 2019 og var verkið hafið með endurbyggingu þriðju hæðar. Voru allar eldri innréttingar fjarlægðar og hæðin endurhönnuð og -innréttuð með öllu. Lauk þeim verkhluta í desember 2019 og var þá hafist handa við endurbyggingu annarrar hæðar, sem lauk á vormánuðum 2020. Ríkiseignir eru húseigandi en Framkvæmdasýsla ríkisins annaðist framkvæmdina.

Hið endurbættu húsnæði hefur breytt mjög verulega allri ásýnd og vinnuumhverfi hjá starfsfólki Ríkisendurskoðunar. Munar þar mestu um betri loftgæði, birtu og nýtingu rýmis auk þess sem yfirbragð er allt annað, opið og vinsamlegt. Góð fundaraðstaða er nú á hverri hæð sem auðveldar starfsemina en mikið af störfum embættisins eru nú unnin í teymisvinnu.

Meðan á framkvæmdum stóð var ákveðið að færa starfsemina ekki í annað húsnæði sakir mikils kostnaðar. Í þess stað þrengdu starfsmenn umtalsvert að sér, m.a. með því að fundarherbergjum og kennslurými var breytt tímabundið í vinnustöðvar. Vinnuaðstaða var því heldur slök þessa mánuði meðan á endurbyggingunni stóð og höfðu framkvæmdir enn fremur í för með sér ýmis óþægindi vegna óhjákvæmilegs hávaða og óhreininda. Starfsfólk mætti slíku með jafnaðargeði og þolinmæði í þeirri vissu að ástandið myndi batna með endurbættu húsnæði.



Í lok ársins 2019 var einnig farið að huga að viðgerðum á húsinu að utan en gallar á ytra byrði þess hafa verið viðvarandi í mörg ár. Kom sá verkhluti til framkvæmda á árinu 2020.



Alþjóðasamstarf

Ríkisendurskoðun leggur mikla áherslu á að eiga góð samskipti og samstarf við erlendar systurstofnanir, ekki síst á Norðurlöndunum. Slíkt stuðlar að betri yfirsýn og þekkingu á alþjóðlegum straumum og stefnum og gefur færi á að miðla mikilvægri reynslu um þróun verkefna og starfsumhverfisins almennt. Ríkisendurskoðun hefur um árabil tekið þátt í starfi norrænna ríkisendurskoðana, sem og starfi Evrópu- og alþjóðasamtaka á þessu sviði, EUROSAI og INTOSAI. Þá tekur embættið þátt í að endurskoða fjölþjóðlegar stofnanir, samtök, sjóði og áætlanir sem Ísland á aðild að, sem og verkefni á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu sem íslensk stjórnvöld veita fjármagni til.

Árlegur fundur norrænna ríkisendurskoðenda var haldinn í Reykjavík í júní 2019. Ríkisendurskoðendur Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sóttu fundinn. Á dagskrá fundarins voru fjölmörg mál, skipulag á eftirliti með nýtingu opinberra fjármuna, stjórn sameiginlegra verkefna, áherslur hvers lands, upplýsingatæknimál, stjórnun, gervigreind og framtíð endurskoðunar í ljósi tæknibreytinga.




Frá fundi norrænna ríkisendurskoðenda. Af Íslands hálfu tóku þátt þau Birgitta Arngrímsdóttir, Skúli Eggert Þórðarson, Guðrún Jenný Jónsdóttir, Auður Guðjónsdóttir, Jóhannes Jónsson og Guðmundur B. Helgason

Ríkisendurskoðandi Færeyja og endurskoðandi Grænlands komu í september 2019 á árlegan fund vestnorrænna ríkisendurskoðenda, sem haldinn var í Reykjavík. Rætt var um stöðu mála hjá embættunum og áherslur í starfi.

Sem hluti af starfsmenntunarferð starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar til Washington D.C. á vormánuðum 2019 var skipulögð heimsókn til ríkisendurskoðunar Bandaríkjanna (Government Accountability Office – GAO). Fékk starfsfólk Ríkisendurskoðunar þar ítarlega og fróðlega kynningu á viðtækri starfsemi stofnunarinnar.

Í tengslum við formennskutímabil Íslands í Norðurskautsráðinu 2019-21 var Ríkisendurskoðun falið að annast sérstaka úttekt á starfsemi skrifstofu Norðurskautsráðsins í Tromsø í tilefni þess að sex ár voru liðin frá stofnun skrifstofunnar. Úttektin hófst um haustið 2019 en skýrslu var skilað til Norðurskautsráðsins í febrúar 2020.



Próunar- og tæknimál

Samhliða þeim breytingum sem gerðar voru á húsnæði embættisins var nýtt tölvurými hannað og tekið í notkun á árinu. Tölvuskápar voru endurnýjaðir og lagnaleiðir um húsið endurbættar.

Gerðar voru miklar endurbætur á þráðlausu neti embættisins og sendum fjölgað á öllum hæðum til að bæta þráðlaust netsamband. Tölvubúnaður í fundarherbergjum var allur endurnýjaður og skipt var um hluta af borðtölvum starfsmanna. Þá var uppsetning hafin á aðgangs-, öryggis-, bruna- og myndavélakerfum embættisins.

Seinni hluta ársins hófst innleiðing á samningi ríkisins við Microsoft um skýjalausnir. Í því fólst að innleiða m.a. hópvinnukerfið Teams, skipulagsforritið Planner og gagnageymslurnar OneDrive og SharePoint. Þá var hafin vinna við að smíða nýjan innri vef sem er byggður í SharePoint en eldri vefur var kominn nokkuð til ára sinna. Undir lok árs var hafinn undirbúningur að forritun á nýjum upplýsingavef embættisins en hönnun vefsins hafði legið fyrir í nokkurn tíma.

Undirbúningur var hafinn við að skipta úr gömlu Nortel símkerfi, sem komið var til ára sinna, og yfir í nýtt símkerfi sem er hluti af Microsoft Teams. Samhliða nýju símkerfi var gerður nýr heildar fjarskiptasamningur við Vodafone.

Í tengslum við innleiðingu á skýjalausn ríkisins og nýjum skýjageira (Tenant) voru samskipti og samvinna við tölvudeild Alþingis aukin verulega á árinu en tölvudeild Alþingis sér um að reka sameiginlegan skýjageira fyrir öll embætti löggjafarvaldsins.



Ríkisendurskoðun




STOFNUN ÁRSINS 2019

Stofnun ársins 2019

Sameyki stéttarfélag stendur að framkvæmd og úrvinnslu árlegrar könnunar um stofnun ársins í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í maí og var Ríkisendurskoðun sámd þeim heiðri að vera kjörin stofnun ársins 2019 í flokki stofnana með yfir 50 starfsmenn. Alls var 141 stofnun í flokki ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana, þar af 82 með 50 starfsmenn eða fleiri. Byggðist valið á svörum rúmlega 10 þúsund starfsmanna. Um er að ræða eina stærstu vinnumarkaðskönnun landsins þar sem starfsfólki gefst tækifæri til að láta skoðun sína á aðbúnaði og líðan á vinnustað í ljós.

Tilgangur með vali á stofnun ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri við stjórnun mannauðs. Könnunin gefur glögga mynd af starfsumhverfi stofnana og starfsánægju starfsfólks, sem getur svo nýtt niðurstöðurnar til að leggja mat á eigin vinnustað í samanburði við aðra. Að auki gefur könnunin stjórnendum mikilvæga innsýn í stöðu og þróun starfsmannamála. Árið 2018 lenti Ríkisendurskoðun í 16. sæti í flokki stofnana með 20-49 starfsmenn en á tímabilinu síðan hefur verið ráðist í markvissa stefnumótunarvinnu sem einkennst hefur af miklum samhljómi meðal starfsmanna um þróun vinnustaðarins og verkefna hans.

Miðað við kannanir fyrri ára hafa einkunnir Ríkisendurskoðunar hækkað þó nokkuð yfir alla mælda þætti en sýnu mest fyrir þættina stjórnun, jafnrétti, vinnuskilyrði, launakjör og ímynd stofnunar. Þessi árangur endurspeglar þær áherslur sem stjórnendur og starfsfólk hefur mótað í stefnumótun og framtíðarsýn um að horft sé til Ríkisendurskoðunar sem fyrirmyndarstofnunar í fremstu röð.





Haraldur Guðmundsson sérfræðingur skrifar

Fjölmiðlaumfjöllun á árinu 2019

Fjölmiðlar hafa í gegnum tíðina sýnt störfum Ríkisendurskoðunar mikinn áhuga. Skýrslna stofnunarinnar til Alþingis og ársreikninga stjórnmalaflokka er oft beðið með eftirvæntingu. Þessi áhugi hefur leitt til fjölmiðlaumfjöllunar um niðurstöður og ábendingar Ríkisendurskoðunar um meðferð og nýtingu ríkisfjár og hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins.


Í ljósi þess að Ríkisendurskoðun er ætlað að veita ráðuneytum, stofnunum, fyrirtækjum ríkisins og öðrum sem fjármagna rekstur sinn með ríkisfé aðhald í starfsemi sinni og rekstri, hafa starfsmenn embættisins fullan skilning á aðhaldshlutverki fjölmiðla gagnvart eftirlitsstofnunum. Ríkisendurskoðun hefur því sett sér markmið um að bregðast skjótt við fyrirspurnum fjölmiðla og hefur sent út fréttatilkynningar um útgáfu og helstu niðurstöður stjórnsýsluúttekta.

Á starfsmannafundi í febrúar 2020 var kynnt samantekt Creditinfo um umfjöllun fjölmiðla um vinnu Ríkisendurskoðunar á árinu 2019. Það ár birtust um 60% fleiri fréttir sem innihéldu heiti stofnunarinnar en árið 2018 eða alls 876. Þetta gerðist þrátt fyrir að stjórnsýsluúttektum, þeim skýrslum okkar sem rata hvað helst á síður blaðanna, hafi fækkað á milli árana 2018 og 2019.

Árið 2019 mátti merkja fjögur stór „stökk“ í umfjöllun um starfsemi eða úttektir Ríkisendurskoðunar. Í janúar 2019 var mikið fjallað um skýrslu um Eftirlit Fiskistofu og tillögur okkar til úrbóta. Í júnímánuði dróst embættið inn í umfjöllun um rekstur bílamiðstöðvar Ríkislögreglustjóra. Þá var einnig greint

frá fyrirhugaðri úttekt á stjórnsýslu vegna flugfélagsins WOW air. Mesta athygli vakti þó skýrsla um Íslandspóst ohf. og tillaga Ríkisendurskoðunar um að þar yrði ráðist í margvíslegar hagræðingaraðgerðir.

Þriðja stökkið var í september 2019 þegar fjallað var um vinnu við úttekt á embætti Ríkislögreglustjóra sem var send Alþingi í febrúar 2020. Að lokum fjölluðu fjölmiðlar í nóvember talsvert um styrki til stjórnmalaflokka úr ársreikningum þeirra. Stjórnsýsluúttekt um Ríkisútvarpið ohf. í sama mánuði vakti jafnframt athygli.



Tíðni eða umfang fjölmiðlaumfjöllunar er að sjálfsögðu enginn mælikvarði á þá vinnu sem hér er unnin. Mörg dæmi eru um að niðurstöður og ábendingar úr vönduðum og mikilvægum skýrslum hafi ekki ratað í eitt einasta dagblað eða netmiðil. Þá hefur samanburður við fyrri ár sýnt að fjöldi skýrslna er ekki úrslitaatriði þegar kemur að umfangi umfjöllunar. Aftur á móti virðist sem að á árinu 2019 hafi innihald eða umfjöllunarefni úttekta, og í sumum tilfellum persónur og leikendur, haft mest um að segja hvað vakti áhuga og athygli.

Ríkisendurskoðun skoðar Íslandspóst

Ritstjórn Eyjunnar
Miðvikudaginn 16. janúar 2019 11:30

Sjónvarp Útvarp Dagskrá KrakkaRÚV RÚV núll Íþróttir Me

Gustar um ríkislögreglustjóra og embætti hans

© 16.09.2019 - 17:15 Dóms- og lögreglumál · Innlent · Ríkislögreglustjóri

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttir Markaðurinn Sport Lífið

Úttekt gerð á stjórnslu vegna WOW

Ríkisendurskoðun gerir úttekt á aðkomu Samgöngustofu og Isavia að rekstri WOW air.

Like Follow

Viðskipta

Fiskistofa segir skýrslu Ríkisendurskoðunar vandaða

23. janúar 2019 kl.

Svört skýrsla um RÚV

Óhætt er að segja að skýrsla ríkisendurskoðunar um RÚV sé verulegur áfellsdómur yfir stjórnendum RÚV og umgjörð þ

kjarninn

Fréttir Skýringar Skoðun Fólk Leslistinn Styrkja viðskipti efnahagsmál stjórnmál fjölmíðlar

Án lóðasölu hefði RÚV verið ógjaldfært

la- og efnahagsráðherra fari með málefni RÚV, ekki mennta- og menningarmálaráðherra. lögum um stofnun dótturfélaga.

Innlent

Segir eftirlit Fiskistofu veikburða og ómarkvisst

Ríkisendurskoðun telur að Fiskistofu sé ómögulegt að sinna öllu því eftirliti sem henni ber að sinna, meðal annars vegna skorts á úrræðum og viðurlögum. Jafnframt vísar Ríkisendurskoðun því á bug að brottkast sé óverulegt á Íslandi.

Ritstjórn Kjarnans 18. janúar 2019

Íþróttir Menning

Óánægja með bílarekstur ríkislögreglustjóra

© 05.06.2019 - 19:02 Dóms- og lögreglumál · Innlent

FORSÍDA

INNLENT 26. september 2019 17:27

Ríkisendurskoðun rannsakar ársreikning ÁTVR

Skoda hvort ársreikningur ÁTVR samrýmist kröfu sem gerð er til ríkisfyrirtækja um að reksturinn skili viðunnandi arðsemi.

Ritstjórn ritstjorn@vb.is

Recommend 4 Tweet

blaðið

ANÚAR 2020

TÖLUBLÖÐ



Guðrún Jenný Jónsdóttir staðgengill ríkisendurskoðanda skrifar

Eftirlit með starfsemi og árangri ríkisaðila

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Á sama tíma féllu úr gildi lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997, með síðari breytingum.

Ákvæði laga nr. 46/2016 hafa að geyma ákveðna áherslubreytingu hvað varðar embætti ríkisendurskoðanda og Ríkisendurskoðun. Sú breyting er tilkomin meðal annars vegna ákalls um hvernig bæta megi eftirlit Alþingis með framkvæmdavaldinu. Sem dæmi um þessa áherslubreytingu má nefna heiti laganna. Í stað þess að kenna lögin við stofnunina Ríkisendurskoðun eins og áður var eru þau nú kennd við ríkisendurskoðanda, þ.e. forstöðumann Ríkisendurskoðunar. Þá er sérstaklega tekið fram í 1. gr. laganna að ríkisendurskoðandi starfi á vegum Alþingis, að hann sé trúnaðarmaður þingsins og ábyrgur gagnvart því. Staða ríkisendurskoðanda er þannig ákveðin með sama hætti og umboðsmanns Alþingis.

Hlutverk og starfssvið

Ríkisendurskoðandi skal hafa eftirlit með fjárreiðum ríkisins, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækjum í umboði Alþingis. Þrátt fyrir að umboðið komi frá Alþingi er ríkisendurskoðandi sjálfstæður í störfum sínum og er það sérstaklega tekið fram og áréttað í 3. mgr. 1. gr. laganna. Sjálfstæðið felst meðal annars í því að ríkisendurskoðandi sjálfur ákveður hvernig hann sinnir hlutverki sínu eins og það er skilgreint í lögnum. Þá birtist sjálfstæðið einnig í því að frumkvæði að því að hefja úttekt eða endurskoðun getur verið hjá ríkisendurskoðanda

sjálfum og svo síðast en ekki síst þá á ríkisendurskoðandi ákvörðunarvald um það hvort taka skuli til umfjöllunar skýrslubeiðni frá Alþingi.

Starfssvið ríkisendurskoðanda tengist fjárstjórnarvaldi Alþingis, þ.e. að endurskoða og hafa eftirlit með rekstri og fjármálum ríkisins. Segja má að hlutverk ríkisendurskoðanda kristallist í orðunum endurskoðun og eftirlit. Þannig fellur það m.a. undir starfssvið ríkisendurskoðanda að

- fram fari endurskoðun ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila¹
- ársreikninga alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að séu endurskoðaðir
- hafa eftirlit með framkvæmd samninga sem gerðir eru við sveitarfélög eða einkaaðila
- hafa eftirlit með starfsemi og árangri ríkisaðila
- hafa eftirlit með tekjum ríkisins, forsendum þeirra og innheimtu

Þar að auki aðstoðar embættið þingnefndir sé þess óskað í málefnum er varða fjármál ríkisins og sinnir ýmsum verkefnum samkvæmt sérlögum.

Eftirlit með starfsemi og árangri ríkisaðila – stjórnýsluendurskoðun

Undir þetta eftirlit falla allir ríkisaðilar sem starfssvið ríkisendurskoðanda tekur til og felur í sér mat á frammistöðu þeirra sbr. 6. gr. laga nr. 46/2016. Markmið eftirlitsins er að stuðla að úrbótum þar sem einkum er horft til meðferðar og nýtingar ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisaðila og hvort framlög ríkisins skili þeim árangri sem að sé stefnt. Í ákvæðinu kemur fram að við mat á frammistöðu skuli meðal annars líta til þess hvort starfsemi ríkisaðila sé í samræmi við fjárheimildir, gildandi löggjöf og góða og viðurkennda starfshætti. Sérstaklega er tekið fram að stjórnýsluendurskoðun geti falið í sér mat á því hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála.

¹⁾ Með ríkisaðila er átt við ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings þ.m.t. stofnanir, sjóði, ríkisfyrirtæki, opinber hlutafélög og önnur félög sem ríkið á helmingshlut eða meira í.

Grundvallarpáttur í stjórnýsluúttektum er að skoða hvort ríkisreksturinn sé í samræmi við forsendur og markmið sem Alþingi hefur ákveðið og snerta fjárhagslega hagsmuni ríkisins. Stjórnýsluúttektir taka eingöngu til rekstrarlegra þátta en ekki til ákvarðana, árangurs eða markmiða stjórnmalalegs eðlis. Í stjórnýsluúttekt er einkum horft til þriggja atriða:

- hagkvæmni sem beinist að því hvort kostnaði sé haldið í skefjum og hvort farið sé með fjárheimildir og fjármuni af ráðdeild
- skilvirkni þar sem horft er til þess hvort afköst séu viðunandi
- markvirkni þar sem athugað er hvort settum markmiðum hafi verið náð

Hvaða mál tekur ríkisendurskoðandi til meðferðar?

Ríkisendurskoðandi er sjálfstæður og engum háður í störfum sínum þó hann beri ábyrgð gagnvart Alþingi. Þetta hefur þá þýðingu að ríkisendurskoðandi getur af eigin frumkvæði tekið til skoðunar tiltekin atriði í rekstri ríkisaðila svo framarlega sem úttektaratriði falli undir starfssvið hans og hlutverk eins og það er skilgreint í lögum nr. 46/2016. Í þessu sambandi er vert að nefna að ríkisendurskoðanda berast fjöldamargar ábendingar á hverju ári sem lúta að ýmsum atriðum í ríkisrekstrinum. Allar ábendingar sem berast eru settar í ferli og skoðað hvort tilefni sé til aðgerða af hálfu embættisins.

Í 17. gr. laga nr. 46/2016 kemur fram að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis geti að eigin frumkvæði eða samkvæmt tillögu sem berst henni farið fram á að ríkisendurskoðandi taki saman skýrslu um tiltekið mál eða málaflokka. Hið sama á við ef Alþingi samþykkir skýrslubeiðni a.m.k. níu þingmanna. Ákvæðið er til að tryggja aðgang Alþingis að þeim rannsóknarheimildum sem ríkisendurskoðandi býr yfir og sérþekkingu embættisins. Þessi heimild leikur því lykilhlutverk í eftirliti Alþingis með framkvæmdavaldinu. Birtingarmynd sjálfstæðis ríkisendurskoðanda er í 1.

tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna þar sem fram kemur að ríkisendurskoðandi geti ákveðið að taka skýrslubeiðni fyrir. Orðrétt segir:

„Taki ríkisendurskoðandi beiðni til athugunar greinir hann stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd frá umfangi hennar og áætluðum skilum.“

Þegar skýrslubeiðni berst metur ríkisendurskoðandi hvort og hvernig hún falli að starfssviði hans. Þegar fyrir liggur hvort ríkisendurskoðandi taki saman skýrslu um það efni sem þing- eða nefndarbeiðni beinist að getur verið að afmarka þurfi betur það álitaefni sem uppi er. Þá getur verið að lengri tíma þurfi til verksins en áætlað var af hálfu þingsins. Ríkisendurskoðandi tilkynnir þinginu um niðurstöðu sína bréflega.

Almennt má segja að sterk rök þurfi fyrir því að synja Alþingi um skýrslu en ljóst er að hjá því verður ekki komist ef að efni skýrslunnar fellur utan við starfssvið ríkisendurskoðanda eins og það er skilgreint lögum samkvæmt. Nýlegasta dæmið um synjun á úttekt er beiðni um arðsemismat á Vaðlaheiðargöngum sem sett var fram á árinu 2011. Í synjun Ríkisendurskoðunar kemur fram að það falli utan við lögbundin verkefni stofnunarinnar að vinna skýrslu sem feli í sér mat á arðsemi áformaðra samgöngumannvirkja, sem kynni að verða grundvöllur ákvörðunar um að ráðast í framkvæmdir eða falla frá þeim. Í þessari afstöðu kristallast í raun það grundvallarverkefni sem ríkisendurskoðandi á að sinna, þ.e. endurskoðun annars vegar og eftirliti hins vegar sem beinist að því að færa rekstur og fjármuni ríkisins til betri vegar.



Ingi Kristinn Magnússon sviðsstjóri skrifar

Áskoranir í fjárhagsendurskoðun

Með lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál voru teknir upp alþjóðlegir reikningskilastaðlar fyrir ríkissjóð (IPSAS). Ársreikningar allra ríkisaðila þurfa að taka mið af stöðlunum sem felur í sér umfangsmiklar breytingar á framsetningu og innihaldi ársreikninganna, einkum varðandi meðferð eigna. Aukinn þungi í endurskoðunarvinnunni er á efnahagsreikninginn þar sem allir fastafjármunir í eigu ríkisaðila eru nú færðir til eignar og afskrifaðir á notkunartíma í stað þess að gjaldfærast að fullu á kaupári.

Endurskoðunarvinnan þarf því að beinast að skráningu og mati á öllum eignum ríkissjóðs, hvort sem um er að ræða fasteignir, samgöngukerfi, hvers konar farartæki auk alls lausafjár sem ríkisaðilar nota í starfsemi sinni. Á undanförunum þremur árum hefur ríkisreikningurinn því tekið miklum breytingum og veitir nú ítarlegar upplýsingar um allar eignir og skuldir ríkissjóðs.

Vegna þessara nýju reikningskilareglna hafa orðið áherslubreytingar hjá Ríkisendurskoðun, m.a. við fjárhagsendurskoðun ríkisaðila. Aukinn þungi hefur færst í endurskoðun ríkisreiknings í heild í stað þess að staðfesta ársreikninga einstakra stofnana eins og var fyrir innleiðingu laga nr. 123/2015. Við skipulagningu endurskoðunar þarf því að leggja mat á áhrif af skekkjum vegna einstakra liða í ríkisreikningi en í því samhengi þarf að taka tillit til mikilvægis reikningsskila tiltekinna stofnana á hverju ári. Þar á einkum við að skráðar eignir ríkissjóðs eru bókhaldslega vistaðar hjá hinum ýmsu ríkisaðilum. Vegagerðin hefur umsjón með vegkerfinu, Ríkiseignir halda utan um flestar fasteignir og jarðir í eigu ríkisins, Landhelgisgæslan á og rekur skip



og flugvélar og flókin og sérhæfður tækjabúnaður er notaður hjá Veðurstofu, heilbrigðisstofnunum og víðar, svo dæmi séu nefnd. Þessar stofnanir teljast nú til mikilvægra stofnana þegar kemur að því að skipuleggja endurskoðun ríkisreiknings.

Innleiðingu IPSAS er ekki að fullu lokið. Reikningsskilaráð ríkisins hefur heimilað tímabundna frestun á innleiðingu á sex stöðlum, þar á meðal IPSAS 13 – um leigusamninga, IPSAS 29 – um fjármálagerninga og IPSAS 35 – um samstæðureikningsskil. Í síðast nefnda staðlinum felast miklar áskoranir og breytingar á reikningsskilum ríkisins. Full samstæðureikningsskil sem sameina reikningsskil A-, B-, og C-hluta ríkisreiknings munu taka umtalsverðan tíma og krefjast mikillar vinnu við að flokka og skilgreina t.d. innri viðskipti þessara aðila.

Þá er í farvatninu möguleg breyting á flokkun tiltekinna ríkisaðila sem hingað til hafa verið flokkaðir sem B-hluta aðilar, auk þess sem skoða þarf flokkun nokkurra ríkisaðila í C-hluta. Hagstofa Íslands fékk í júní 2020 álit frá Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) um flokkun á Íbúðalánasjóði, ÍL-sjóði, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Húsnæðissjóði. Niðurstaða Eurostat var að þessir aðilar flokkist undir kjarnastarfsemi ríkisins, þ.e. eru hluti af A-hluta starfsemi ríkisins. Ef þetta verður lokaniðurstaðan mun það hafa umtalsverð áhrif á ríkisreikninginn og þar með áherslur við framsetningu og endurskoðun hans.

Ársreikningur 2019

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skv. lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga er ríkisendurskoðandi trúnaðarmaður Alþingis. Ríkisendurskoðandi annast endurskoðun ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila og fyrirtækja þar sem eignarhald ríkissjóðs er 50% eða meira, hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár svo sem nánar er mælt fyrir um í 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðun er skrifstofa ríkisendurskoðanda.


Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.


Á árinu 2019 var ársveltan 879,7 milljónir króna og afkoma jákvæð um 1,0 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign 12 milljónir króna í árslok og eignir samtals 132,3 milljónir króna.


Ársverk hjá Ríkisendurskoðun á árinu 2019 voru 48,1. Heildarlaunakostnaður að viðbættum launatengdum gjöldum var 754,7 m.kr..

Forstöðumaður og sviðsstjóri fjármála staðfesta hér með ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Ríkisendurskoðun, 13. júní 2020


 Skúli Eggert Þórðarson,
 ríkisendurskoðandi.




 Jón L. Björnsson,
 sviðsstjóri fjármála

Áritun óháðs endurskoðanda

Til forsætisnefndar Alþingis

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, yfirlit um afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2019, efnahag 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög sem um stofnunina gilda.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður Ríkisendurskoðun í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningum

Stjórnendur Ríkisendurskoðunar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið endurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit endurskoðandans. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Nánar tiltekið er eftirfarandi aðferðum beitt:

- Hætta á verulegri skekkju í ársreikningnum er metin og greind, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi. Endurskoðunaraðgerðir eru tilsniðnar og gerðar til að bregðast við þeim hættum og endurskoðunargagna er aflað sem metin eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit mitt. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflun skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, er gerð í þeim tilgangi að beita viðeigandi endurskoðunaraðgerðum, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar

- Metið er hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um einstaka liði ársreikningsins.
- Við lok endurskoðunar er metið í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, lagt er mat á framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Endurskoðandi upplýsir stjórnendur Ríkisendurskoðunar um áætlað umfang endurskoðunarinnar og um mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Kópavogi, 15. júní 2020


Árni Tómasson, endurskoðandi.

Yfirlit yfir afkomu ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs	2	757.200.000	663.100.000
Seld þjónusta	3	113.560.441	84.096.476
Tekjufærsla frestaðra tekna	2	<u>8.929.666</u>	<u>6.866.896</u>
Rekstrartekjur samtals		879.690.107	754.063.372
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	763.376.455	709.672.753
Annar rekstrarkostnaður	5	106.307.038	101.974.905
Afskriftir	6	<u>8.929.666</u>	<u>6.866.896</u>
Rekstrargjöld samtals		878.613.159	818.514.554
Afkoma fyrir fjármagnsliði		1.076.948	(64.451.182)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtagjöld.....		(53.123)	(18.595)
Afkoma ársins		<u>1.023.825</u>	<u>(64.469.777)</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Fastafjármunir	7		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld, tæki og búnaður		26.583.832	24.185.868
Farartæki og vélar		4.237.736	5.179.454
Aðrar eignir		3.494.344	3.494.344
Fastafjármunir samtals		<u>34.315.912</u>	<u>32.859.666</u>
Veltufjármunir			
Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindingar		61.446.822	61.446.822
Kröfur á tengda aðila		2.556.390	2.073.500
Aðrar viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		28.703.332	13.811.400
Handbært fé		5.292.708	447.346
Veltufjármunir samtals		<u>97.999.252</u>	<u>77.779.068</u>
Eignir samtals		<u>132.315.164</u>	<u>110.638.734</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		12.018.335	10.994.510
Eigið fé samtals		<u>12.018.335</u>	<u>10.994.510</u>
Skuldir			
Greiðslustaða við ríkissjóð		21.398.817	6.401.929
Viðskiptaskuldir		7.885.565	6.806.487
Orlofsskuldbinding		70.300.174	63.100.381
Skuldir við tengda aðila		1.500.698	1.206.113
Aðrar skammtímaskuldir		273.158	161.231
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	9	18.938.417	21.968.083
Skuldir samtals		<u>120.296.829</u>	<u>99.644.224</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>132.315.164</u>	<u>110.638.734</u>
Aðrar upplýsingar	10		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		1.023.825	(64.469.777)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Leiðrétting á gjöldum vegna fyrra árs			(932.514)
Afskriftir	7	8.929.666	6.866.896
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	(8.929.666)	(6.866.896)
		<u>1.023.825</u>	<u>(65.402.291)</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(15.374.822)	9.477.292
Skammtímaskuldir að frádreginni frestun tekjufærslu.....		23.682.271	5.678.495
		<u>8.307.449</u>	<u>15.155.787</u>
		9.331.274	(50.246.504)
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(10.385.912)	(16.591.583)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		5.900.000	5.700.000
Framlag til að mæta orlofsskuldbindingu	8	0	61.446.822
		<u>5.900.000</u>	<u>67.146.822</u>
Breyting á handbæru fé á árinu			
Handbært fé í byrjun árs		4.845.362	308.735
		447.346	138.611
		<u>5.292.708</u>	<u>447.346</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015 en skv. þeim gilda lög um ársreikninga, nr. 3/2006, um gerð reikningsskila fyrir A-hluta ríkisaðila. Auk þess er tekið mið af ákvörðunum reikningsskilaráðs ríkisins sem skipað er í samræmi við ákvæði 63. gr. laga um opinber fjármál.

Mat á virði eigna, skulda, tekna og gjalda tekur mið af viðeigandi lagafyrirmælum og almennum reikningsskilareglum.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskipanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Við öflun fjármuna er gangvirði lagt til grundvallar sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað á verði sem vikur verulega frá gangvirði, er viðkomandi eign færð við gangvirði í efnahagsreikningi og mismunurinn til tekna eða gjalda í yfirliti um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaaðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsteggi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirliti um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé eða jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldir

Skuldir aðrar en frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Um frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda er vísað til skýringar 9.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta.

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

	2019	2018
2. Tekjufærsla fjárveitinga		
Heildarfjárveiting á fjárlögum.....	763.100.000	668.800.000
Fjárveiting til fjárfestinga	(5.900.000)	(5.700.000)
Tekjufærsla fjárveitinga til rekstrar	<u>757.200.000</u>	<u>663.100.000</u>
Fjárveiting til fjárfestinga	5.900.000	5.700.000
Áhrif fjárfestinga umfram fjárveitingu	3.029.666	1.166.896
Tekjufærsla fyrirframinnborgana á móti afskrift ársins	<u>8.929.666</u>	<u>6.866.896</u>
3. Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	111.299.941	83.883.976
Önnur sala	2.260.500	212.500
Seld þjónusta	<u>113.560.441</u>	<u>84.096.476</u>
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun	612.617.578	569.245.224
Orlof, breyting	7.199.793	3.497.505
Launatengd gjöld	134.892.611	126.685.732
Starfsmannakostnaður	8.666.473	10.244.292
	<u>763.376.455</u>	<u>709.672.753</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	48,1	44,6

	2019	2018
5. Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.118.325	1.894.987
Byggingarvörur, almennar	87.686	389.744
Byggingarvörur, aðrar	0	52.700
Tæki og búnaður til innréttinga	214.440	13.114
Ýmis tæki og áhöld	1.216.524	1.346.863
Varahlutir og viðhaldsvörur	19.505	7.609
Orkugjafar	2.316.494	2.074.016
Matvæli ¹	18.138.791	4.751.127
Ýmsar sérgreindar vörur	47.457	1.795
Almennar rekstrarvörur	983.716	626.479
Vörukaup, almenn	<u>24.142.938</u>	<u>11.158.434</u>
Fundir, námskeið, risna	3.873.582	2.120.719
Ferðir, uppihald	1.942.479	4.398.947
Akstur	1.165.422	1.565.133
Sérfræðiþjónusta	8.889.949	30.130.552
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	63.599	155.024
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	512.783	2.300.678
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	381.261	1.145.902
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>16.829.075</u>	<u>41.816.955</u>
Afnotagjöld	8.238.635	10.775.754
Leigugjöld	50.960.962	28.169.800
Notkun véla og flutningatækja	64.235	137.375
Verkkaup	5.175.445	8.455.973
Kostnaðarhlutdeild	0	100.000
Tryggingar, lögboðnar	85.165	82.724
Opinber gjöld	810.583	1.277.890
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>65.335.025</u>	<u>48.999.516</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>106.307.038</u>	<u>101.974.905</u>

1) Árið 2019 var matur í mótuneyti keyptur að en ekki eldaður á staðnum. Kostnaðarliðurinn matvæli hækkar af þeim sökum en á móti lækkar launakostnaður.

	2019	2018
6. Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	7.987.948	5.925.178
Farartæki og vélar	941.718	941.718
	<u>8.929.666</u>	<u>6.866.896</u>

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður.....	26.583.832	24.185.868
Farartæki og vélar.....	4.237.736	5.179.454
Aðrar eignir.....	3.494.344	3.494.344
	<u>34.315.912</u>	<u>32.859.666</u>

Varanlegri rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	44.462.843	7.533.749	3.494.344	55.490.936
Viðbætur á árinu	10.385.912	0		10.385.912
	<u>54.848.755</u>	<u>7.533.749</u>	<u>3.494.344</u>	<u>65.876.848</u>
Afskriftir 1.1.2019	20.276.975	2.354.295	0	22.631.270
Eignir færðar úr bókum	7.987.948	941.718	0	8.929.666
Afskriftir ársins	<u>28.264.923</u>	<u>3.296.013</u>	<u>0</u>	<u>31.560.936</u>
	<u>26.583.832</u>	<u>4.237.736</u>	<u>3.494.344</u>	<u>34.315.912</u>
Staða 31.12.2019	<u>44.462.843</u>	<u>7.533.749</u>	<u>3.494.344</u>	<u>55.490.936</u>

	2019	2018
8. Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.2019	10.994.510	14.949.979
Breytt lotun gjalda eftir dags. ársreiknings	0	(932.514)
Eignfærsla kröfu vegna orlofsskuldbindingar	0	61.446.822
	<u>10.994.510</u>	<u>75.464.287</u>
Afkoma ársins	1.023.825	(64.469.777)
Jöfnuður 31.12.2019.....	<u>12.018.335</u>	<u>10.994.510</u>

Framlag á móti orlofsskuldbindingu í efnahagsreikningi, að fjárhæð 61.446.822 kr., var fært yfir eigið fé á árinu 2018 en lög um staðfestingu ríkisreiknings 2017, sem m.a. kveða á um heimild til að bæta stofnunum upp áhrif orlofsskuldbindinga á eigið fé, voru samþykkt á Alþingi 6. maí 2019.

9. Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Til mótvægis við eignafærsluna er færður liður, Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimlda, sem endurspeglar fjármögnun ríkisins á viðkomandi eign. Skuldaliður þessi færir til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða fellur niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	2019	2018
Frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga	34.315.912	32.859.666
Fjárfest umfram fjárveitingu til fjárfestinga	(15.377.495)	(10.891.583)
	18.938.417	21.968.083

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	32.859.666	(10.891.583)	21.968.083
Fjárveiting til fjárfestinga		5.900.000	5.900.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10.385.912	(10.385.912)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(8.292.666)		(8.929.666)
	34.315.912	(15.377.495)	18.938.417

10. Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Ríkisendurskoðun hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði fyrir starfsemi stofnunarinnar ásamt leigu á bifreiðastæði. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu og bílastæða nema 51,7 milljónum króna á verðlagi 1/1 2019. Árlegar greiðslur skuldbindandi samninga vegna hugbúnaðar, vistunar kerfa o.fl. rekstrarliða nema 9,7 milljónum króna.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar eru áhvílandi vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Ríkisendurskoðunar. Þessar lífeyrisskuldbindingar eru færðar hjá ríkissjóði fyrir alla ríkisaðila í A-hluta.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Nýr kjarasamningur var undirritaður á fyrri hluta árs 2020 og gildi hann frá 1. apríl 2019. Á árinu 2019 var gjaldfærð áætluð fjárhæð vegna væntanlegs kjarasamnings, en niðurstaða samningsins á rekstrarárið 2019, umfram það sem áður hafði verið áætlað, nemur 9.656.077 króna. Verður sú fjárhæð færð til gjalda með rekstri ársins 2020.

